Kvennablaðið kostar 1 kr. 50 au. innanlands, erlendis 2 kr. (65 cent vestanhafs) ½ verðsins borgist fyrfram, en ½ fyrir 15. júlí.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útgef. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

22. ár. | Reykjavík, 28. febrúar 1916. | № 2.

Áhugamál kvenna.

Landsspítalamálið.

Eitt af þeim málum, sem margar konur hafa þegar hugsað sér að taka á sína pólitísku stefnuskrá, er landsspítalamálið. Í vor, þegar nefnd úr flestum kvenfélögum Reykjavíkur, var að undirbúa 7. júlí kvennafundinn stóra, þá kom þessi tillaga fram frá báðum félögunum, sem stóðu fyrir fundinum: Kvenréttindafélagi Íslands, og Hinu ísl. Kvenfélagi, án þess tillögukonurnar vissu neitt hvor um skoðun annarar á þessu máli.

Samkvæmt þessari tillögu, sem samþykt var með miklum meirihluta nefndanna, var send út áskorun sú, sem allir þekkja til kvenna um land alt, að standa fyrir fjársöfnun í landsspítalasjóð ísl. kvenna, til minningar um staðfestingu stjórnarskrárinnar 19. júní 1915.

Það má eflaust deila um það, hvort þetta væri heppilegasti minningarsjóðurinn. Það fer auðvitað mikið eftir því, hve mikil fjársöfnunin verður. Ef hún gengur vel, þá má verja fénu þannig, að það myndi sérstakt minnismerki þessa mikilvæga viðburðar gegnum aldirnar, innan landsspítalaheildarinnar, og verði þannig ævarandi minnismerki, um gleði íslenskra kvenna yfir þessum fengnu réttindum, og þeirra fyrsta pólitíska samvinna.

Því þótt konur hafi tekið þessari hugmynd vel, um land alt og útlíti fyrir, að talsvert fé muni koma saman til þessara samskota, þá er það ekki nóg til að koma þessu máli í framkvæmd. Til þess þurfum vér að fá sem flesta kjósendur landsins, að verða því meðmælta. Vér verðum að fá landsstjórnina og löggjöfina til að beita sér fyrir málið. Landsspítalinn bæði *á* og *verður* að byggjast og rekast af almannafé. Það verður bæði landstjórn að undirbúa og alþingi að samþykkja. Þess eiga kjósendur að krefjast af þingmannaefnunum, og til þess þarf pólitíska samvinnu milli allra þeirra, sem óska að koma þessu máli í framkvæmd, áður en mjög langir tímar líða.

Ef þetta mál er því, sem vér trúum, áhugamál mjög margra kvenna, þá verða þær einnig að nota öll þau áhrif, sem þær geta haft, bæði á kjósendurna og þingmannaefnin fyrir kosningarnar. Þær verða hvervetna að fá því komið inn á stjórnmálafundina, og fá þingmannaefnin til að láta skoðun sína í ljósi um það, og til að vilja stuðla að góðum undirbúningi og framgangi þess. — Þetta er vissasti veguriun til að koma málinu á góðan rekspöl, og fá það undirbúið og athugað frá öllum hliðum. Þetta er pólitísk samvinna.

En svo verður fleira að athuga í þessu máli: Í áskoruninni stóð, að sjóðurinn ætti að stofnast og stofnskrá verða samin fyrir hann 19. júní næstkomandi. Í þenna sjóð leggja karlar og konur frá öllum héruðum og bæjum landsins. Gera má ráð fyrir, að þeim standi ekki á sama, hvernig þessu fé verði varið. Verði því varið til byggingar landsspítalans og þannig ruglað saman við stofnféð, sem landssjóður á sínum tíma leggur til spítalans, þá getur það aldrei orðið til *minningar* um 19. júní 1915, því þá hverfur það inn í heildina, eins og dropi í hafið.

Því væri mjög æskilegt að þeir, sem áhuga hafa fyrir þessu máli, riti um það í blöðin og beri fram tillögur um hvernig verja skuli samskotasjóðnum, þegar lands-

spítali verður reistur. Með því móti kemur vilji gefendanna best í ljós, og því fleiri og skynsamlegri tillögur sem fást, þess auðveldara verður fyrir nefndina að ráða heppilega fram úr því, hvernig best verði sameinað almennast gagn af fjársöfnuninni og farið verði sem næst almennum vilja gefendanna.

Enn sem komið er, hefir mjög lítið verið um þetta mál rætt eða ritað, og fáar tillögur komið fram í því efni. Þó stóð nýlega grein í einu blaði, sem talaði um, hvernig verja skyldi samskotafénu, og að landið hlyti að byggja landsspítalann og starfrækja hann. Þar kom og einnig fram tillaga um að konurnar tækju að sér að kosta alveg einhverja deildina með samskotafénu, bæði byggingarkostnað og útbúnað. Var þar helst stungið uppá því, að það væri fæðingardeildin fyrir sængurkonur.

Þá eru ýmsir, sem telja æskilegast að samskotasjóðnum sé varið til að kaupa »fríplass« eða ókeypis veru á spítalanum handa fátækum sjúklingum, eftir því sem samskotafé hrekkur til. Sumir óska helst að það yrði handa sjúklingum, sem þjást af sérstökum sjúkdómum, eða handa vissum sjúklingum, t. d. börnum, konum eða gamalmennum. Margt fleira mætti til nefna, sem verja mætti þessum samskotum til innan spítalastofnunarinnar, sem staðið gæti þá sem sérstök minningargjöf kvenna, um ókomnar aldir.

En hvað sem öðru líður, þá þurfa konur fyrst um sinn að auka samskotin sem mest, ef þær ætla sér að geta látið nokkuð verulega á þeim bera sem minnismerki frá 19. júní, sem ávalt verði tekið eftir innan þessarar stofnunar, þegar hún verður reist. Þær mega til að halda málinu vakandi, ef þessi hreyfing á að gera sitt tilætlaða gagn; að hrinda þessu máli af stað, svo það komist í framkvæmd, og þær verða að hugsa það og ræða sem bezt, svo ekki verði hrapað að neinu í þessu efni. Við það helst áhuginn bezt vakandi hjá þeim sjálfum og eykur málinu fylgi og formælendur meðal karlmannanna, sem aðallega verða þeir, sem ráða úrslitum þess að lokum.

Að þessu öllu athuguðu, þá eru margar hliðar á þessu máli, sem vel og vandlega verður að hugsa. Því er einnig mjög nauðsynlegt að konur ræði í blöðunum hvernig nota skuli samskotin til landsspítalans, og komi með sem flestar góðar og skynsamlegar tillögur um það. Það mundi létta vandanum mjög af forstöðunefndinni, þegar hún síðar skal taka ákvörðun um það og semja stofnskrána, svo síður yrði rasað fyrir ráð fram í þessu máli. Einnig ætti þar að koma fram tillögur um hvernig auka mætti sjóðinn framvegis. Því fyrst konurnar hafa tekið þetta mál upp, þá væri æskilegt að það gæti orðið þeim til sæmdar og landi og lýð til gagns og blessunar í framtíðinni.

B. B.

Danskar konur.

»Dansk Kvindesamfund«, sem sendi íslenskum konum símskeyti það, er birtist í janúarblaði Kvennabláðsins og þessu tbl., hélt stóran fund 16. og 17. jan. síðastl. til að ræða um familíulöggjöfina sem nú er í sambandsnefnd, hjá frændþjóðunum, sem skipuð er af sérnefndum, er fjalla um þessa löggjöf, í öllum þessum þremur Norðurlöndum. Á fundi þessum voru fulltrúar D. K. frá öllum hlutum landsins, og nokkrar sænskar og norskar konur, sem boðnar voru frá Svíþjóð og Noregi, til að taka þátt í umræðunum, og höfðu komið beinlínis til þess.

En fundurinn hafði fleiri mál meðferðis. Þar átti að lesa upp kveðju þá, sem D. K. hafði ætlað að síma til íslenskra kvenna 19. jan. sl. en orðið frá að hverfa, vegna þess að hún varð að sendast á ensku. Vildu þær nú gera þetta heyrin kunnugt, hvaða samhygð þær hefðu með ísl. konum og láta fundinn sjálfan senda skeytið, svo að segja.

Í tilefni af þessu buðu þær um 30 íslenskum stúlkum og höfðu mælst til að sem flestar þeirra væri í íslenska hátíðabúningnum eða hinum ísl. þjóðbúningum.

Um þenna fund segir Laufey Valdimarsdóttir í bréfi hingað:

»Já — nýlega var mér boðið á fund í »Dansk Kvindesamfund« óg hafði um 30 ísl. konum verið boðið líka. Vildu danskar konur fagna því að lögin, sem gerðu systur þeirra á Íslandi fullveðja þjóðfélagsborgara, gengu í gildi 19. janúar.

Frú Estrid Hein, formaður í Kaupmh.deild D. K, setti fundinn og bauð gestina velkomna, en stiftamtm.frú Astrid Stampe Feddersen, hélt skörulega ræðu. Mintist hún á sögu íslenska kvenréttindamálsins og las upp kveðjuna, sem þið hljótið að hafa fengið. Ég þakkaði fyrir hönd íslenskra kvenna fjarverandi og viðstaddra. Síðan var sungið: »Eldgamla Ísafold« þýtt á dönsku, af Ólaf Hansen.

Þá tók frú Valfrid Palmgren Munch-Petersen til máls og hélt ágætan fyrirlestur um Familíulöggjöfina og óskir kvenna viðvíkjandi réttarbótum á því sviði, og hvað það mál væri mikilsvert fyrir konur. Enda hefðu stjórnir Norðurlanda viðurkent það, með því að setja eina konu frá hverju þeirra landa í nefndina.

Ræðukonan bar svo fram ýmsar tillögur, byggðar á familíulöggjafarfrumvarpi, sem »Dansk Kviudesamfund« hafði lagt fram 1908, og núverandi nefnd hafði viðurkent mjög gott að mörgu leyti. Voru tillögur þessar mjög frjálslegar, og gengu í því efni enn þá lengra, en sjálft frumvarpið hafði gengið. Hélt hún því fram, að allar tekjur hjónanna skyldu skiftast jafnt milli þeirra beggja, hvort þeirra sem hefði aflað þeirra.

Um deilur, sem kynnu að rísa út af þessum hagsmunalegu málum, og einnig með tilliti til foreldravaldsins, lagði bæði frú Palmgren til, og einnig var farið fram á það í frumvarpi D. K., að stofnaður væri sérstakur dómstóll í þeim málum, sem í sæti dómarinn í því umdæmi, sem málið kæmi fyrir og tveir menn aðrir, tilnefndir sinn af hverju hjónanna.

Loks talaði hún um hvaða nafn ógiftar og giftar konur skyldu bera ásamt sínu eigin, og vildi hún að hverri giftri konu væri frjálst að kjósa um, hvort hún tæki upp nafn manns síns, eða héldi sínu eigin nafni, eða notaði bæði nöfnin. Lauk hún máli sínu með þeim orðum til karlmannanna, að fyrir einkaréttindi þau, sem þær tækju frá þeim, mundu þær aftur gefa þeim hreinskilnari og hamingjusamari eiginkonur, til verndar hinu sameiginlega heimili þeirra beggja.

Kand. jur. frú Bugge-Wicksell, sem er í hinni sænsku familíulöggjafarnefnd, tók svo fyrst til máls, og mótmælti ýmsu, sem fyrri ræðukonan hafði sagt, þrjár konur aðrar tóku til máls um þetta efni.

Að umræðum loknum, var sungið kvæði um Norðurlönd. Síðan settust menn að kaffidrykkju og var glatt á hjalla. Næsta dag átti að halda sambandsfund félagsins, og voru formennirnir frá öllum hinum deildunum viðstaddir, ásamt norsku og sænsku gestunum.

Frú Jutta Bojesen Möller, forsprakkinn gamli og eldfjörugi í kvenréttindamálunum, hélt ræðu fyrir deildarformönnunum og söng bardagakvæðið sitt, — langt gamankvæði, um hörmungar þær er bíða karlmannanna, þegar konurnar færu að sitja á þingi, en þeir sjálfir yrðu að hýrast heima vagga krökkunum og syngja í sorgarrómi:

»Ud paa Livets Vej
har du narret mig.—
Man skal aldrig gifte sig«!

Var mikið klappað fyrir frú Juttu, enda er hún aðdáanleg — hjartanleg dönsk gladværð, æskufjör og dugnaður geisla út frá henni, þótt hún sé komin á áttræðis aldur.

Fundurinn fór hið besta fram að öllu leyti, og þótti okkur íslensku stúlkunum vænt um þessa samúð frá hendi Dana«.

Samhygðarskeyti til ísl. kvenna.

Til Formanden for »Kvenréttindafélag« Islands.
Briet Asmundsson, Reykjavik.

Hilsen til Landet, som stiger bag So,
Helga den fagres og Bergthoras Ø,
Søsterlig Hilsen fra Sletternes Mø.
Sammen vi hejste Sejrens Flag,
Sammen vi gaar med en gryende Dag,
Hil Eder, frigjorte »Kvenfélag«!

Dansk Kvindesamfunds offentlige Møde
d. 17de Januar 1916.

Esther Carstensen
Dirigent ved Mødet.

Frá alþjóðaráði norskra kvenna í Kristjaníu.

Kæra frú Bríet Ásmundsson!

Kosningarréttur kvenna fenginn á Íslandi!

Við vissum að þessi fregn hlaut að koma bráð-

um. En þvílík gleði, að fá vissu um að nú er þetta staðreynd, nú er það virkileiki.

Alþjóðaráð norskra kvenna sendir hina hjartanlegustu hamingjuósk til íslenskra kvenna, og sínar hlýjustu þakkir til íslensku þjóðarinnar fyrir það, sem hún hefir gert fyrir vort sameiginlega stóra málefni.

Þegar fregnin kom hingað til okkar, þá vorum við dreifðar hingað og þangað upp um sveitirnar og sjávarstrendur, annars hefði kveðjan frá oss komið þegar í stað.

En takið móti henni nú, þegar við söfnumst saman aftur.

Heill herskari hugsana skal beinast til yðar, og kröftuglega skulum vér syngja um Eyjuna, sem lýsir — lýsir með vonarljóma mitt í veraldar myrkrinu.

Til hamingju frændur!

Gina Krog.
formaður Alþjóðaráðs norskra kvenna.

Frá kvenréttindafélagi Bandaríkja Suður-Afríku.

——

Johannesburg 26. des. 1915.

Kæra frú Bríet!

Ég hefi fengið utanáskrift yðar frá ungfrú Mac Millan, og vil ég eigi láta dragast að senda yður, íslensku konur, í nafni W. E. A. S.-Afríka, sem tekur yfir 27 sambandsfélög, og hefir yfir 3000 félaga — hjartanlega hamingjuósk, er þér hafið nú fengið kosningarrétt til Alþingis. — — Bestu óskir vorar fylgja yður nú, er þér látið rætast þær vonir, og komið í framkvæmd þeim hugsjónum, sem liggja bak við baráttu okkar fyrir því að fá réttmæta viðurkenningu á borgaralegum réttindum vorum og skyldum; við treystum því, og erum þess líka fullvissar, að íslenskar konur muni jafnan sýna góða dómgreind og halda merkinu hátt.

Við hér í Suður-Afríku eigum enn langt að takmarkinu. En árangurinn af baráttu yðar og kvenna í Danmörku hefir vakið hjá oss nýja von og kjark, og enn þá einu sinni óskum við, að yður farnist vel í öllum fyrirtækjum yðar.

Fyrir hönd Kvenréttindafélags Bandaríkja Suður-Afríku.

Yðar einlæg
Laura Ruxton.

Úr bænum.

——

»Maður og kona« hét fyrirlestur, sem prófessor L. H. Bjarnason hélt fyrir Kvenréttindafél. og Kvenfél. í Bárubúð 5. mars síðastl. Var hann mjög fjölsóttur, enda var ræðuefnið hjónabandslöggjöfin. Einkum talaði prófessorinn um fjármálasamband hjónanna að lögum, og samband giftra og ógiftra foreldra að lögum við börn þeirra, og afstöðu barnanna til foreldranna og þjóðfélagsins. Tók hann skýrt fram helstu agnúana á allri þessari löggjöf, og benti á hvernig ýms lagaákvæði, sem miðuðu til að vernda hagsmuni eiginkonu gagnvart manni sínum í fjármálum, yrðu oft gagnslaus, af því önnur lagaákvæði kæmu þar í bága, ef konur ekki sjálfar stæðu á verði fyrir hagsmunum sínum.

Með tilliti til barnanna, sýndi prófessorinn ljóslega hversu löggjöfin væri ranglát, einkum er um óskilgetin börn væri að ræða, þar sem lögin svifta þau öllum rétti til arfs og ættarnafns föður og föðurfrænda sinna, er legðu alla uppeldisábyrgð og eignarrétt barnanna á móðurina. Einkum má þá segja að lögin séu hörð í garð barna, sem eru hórgetin að móðirinni, því þau hafa alls engan erfðarétt eftir hvorugt foreldranna eða frændur þeirra, þótt móðirin erfi slíkt barn að lögum, ef hún lifir það, og það kemst svo vel á veg síðar á æfinni, að eftirláta eigur við dauða sinn.

Fyrirlesturinn var vel fluttur sem vandi ræðumanns er til, og sérlega skýr og ljós fyrir áheyrendurna, enda gerðu þeir mjög góðan róm að honum og mun sjaldgæft hér, að fyrirlestur um jafn alvarlegt efni hafi verið jafn vel sóttur og jafn vel haldið athygli áheyrendanna. Á prófessorinn þakkir kvenna skilið fyrir þetta mjög svo fróðlega erindi. Væri full þörf á að konur létu þetta mál að meiru eða minna leyti til sín taka, einkum þann hluta þess, sem snertir óskilgetin börn og mæður þeirra.

Það mál hefir Kvenréttindafélag Íslands, haft á dagskrá sinni frá fyrstu. Árið 1907 hafði það kosið nefnd til að athuga hvað unt væri að gera í því. Samdi nefndin áskorun til þingsins, að það hlutaðist til um að fá landsstjórnina til að undirbúa það síðar og leggja það svo fyrir alþingi 1907.

Stjórn félagsins hafði fengið flutningsmann að þessari áskorun, sem bera átti fram, sem rökstudda dagskrá í þinginu. En málið druknaði í

konungskomunni. Síðan hefir það oft verið til umræðu í félaginu, og því fékk það nú prófessorinn til að tala um það, enda er hann manna færastur til þess að vonum, þar sem hann einmitt kennir familíulöggjöfina við háskólann.

Vonandi líða ekki mörg ár, áður en þetta mál verður tekið af löggjafarvaldinu til endurskoðunar og umbóta. Því hvaða ranglæti getur verið hróplegra en það, að hegna börnunum fyrir tilveru sína, eða hvernig hún er til orðin, með ákvæðum, sem þau verða oft að líða undir alla æfi? Hverjum ætti að veru hugleiknara en konum að fá það ranglæti úr lögum numið?

Fyrirlesturinn verður eflaust prentaður, annaðhvort í einhverju tímaritanna eða þá sér, og ættu þá sem flestar konur að kaupa hann, til að kynna sér þetta mál í heildaryfirliti. Er hann handhæg og nauðsynleg handbók fyrir allar konur, sem ekki hafa kynt sér þessa löggjöf því betur.

Landskosningarnar.

Eftir því, sem líður á veturinn fjölgar eflaust landskosningalistunum. Með því nú að konurnar eru orðnar pólitískir borgarar, þá þykir Kvennablaðinu tilhlýðilegt að skýra kaupendunum frá listunum jafnóðum og því berast vissar fregnir um, hvernig þeir séu skipaðir.

Nú hefir miðstjórn Heimastjórnarmanna gefið út svohljóðandi tilkynningu um sinn lista:

Á landlista Heimastjórnarmanna verða:

1. H. Hafstein bankastjóri.
2. G. Björnson landlæknir.
3. Guðjón Guðlaugsson kaupfélagsstjóri.
4. Bríet Bjarnhéðinsdóttir bæjarfulltrúi.
5. Sigurjón Friðjónsson bóndi, Litlu-Laugum.
6. Jón Einarsson hreppstjóri, Hemru.
7. Pétur Þorsteinsson verkstjóri, Reykjavík.
8. Jósef Björnsson bóndi, Svarfhóli.
9. Hallgr. Hallgrímsson hreppstjóri, Rifkelsstöðum.
10. Gunnl. Þorsteinsson hreppstjóri, Kiðjabergi.
11. Hallgr. Þórarinsson bóndi, Ketilsstöðum.
12. Ágúst Flygenring kaupmaður.

Fleiri listar eru komnir á kreik, svo sem listi Sunnanbænda (Þjórsárbrúarlistinn), og Norðanbænda, eða þingbændalistinn, en ekki hefir enn fréttst fyllilega um alla, sem eru á þeim listum, en þeir verða settir í blaðið jafnóðum og Kvbl. fær greinilega vitneskju um nöfn og röðun á þeim.

Konur í Manitoba fá kosningarrétt.

Þann 27. jan. síðastl. samþykti fylkisþingið í Manitoba við þriðju umræðu þá stjórnarskrárbreytingu, að konur skyldu hafa almennan kosningarrétt og kjörgengi. Landi vor T. H. Johnson, sem er einn af ráðherrunum, bar fram frumvarpsbreytinguna, sem varaforsætisráðherra, í fjarveru Norrie forsætisráðherra. Búist er við bráðlega, að samskonar stjórnarskrárbreyting verði samþykt í Albertafylkinu og Saskatahewan. Sama daginn sem Manitóbaþingið samþykti þessa lagabreytingu, boðaði Hon. Dr. Pugzley, í Canadiska þinginu í Ottawa, stjórnarákvörðun um að gefa konum almenn kosningarréttindi í öllum fylkjunum þar sem þær hefðu kosningarréttindi í sveita- og safnaðarmálum.

Þegar frumvarpið var til síðustu (3.) umræðu í Manitobaþinginu var mjög mikill fögnuður á ferðum, eftir frásögn »Woman's Journal« í New York, sem skýrir þannig frá:

»Frumvarpið var stjórnarfrumvarp, borið fram af Mr. Johnson, atvinnumálaráðherra. Hann er af íslenskum ættum, og það er sérstaklega eftirtektarvert, að fyrsta frumvarpið um full pólitísk réttindi kvenna, var borið fram í löggjafarþingi Manitoba að tilhlutun íslenzkra nýlendukvenna fyrir [illegible] árum«. — Ekkert einasta atkvæði var nú á móti frumvarpinu.

Blaðið »Manitoba free Press«, lýsir þessum viðburði 28. jan., daginn eftir kosningarnar:

»Þegar þriðja umræðan og atkvæðagreiðslan hafði farið formlega fram, stóðu allar konurnar á áheyrendabekkjunum upp, sem skiftu hundruðum, ásamt karlmönnum sem þar voru, og öllum þingmönnunum niðri í þingsalnum, og svo hljómaði alt í einu samstiltur sopran-söngur frá mörgum hundruðum kvenna: »Ó Kanada«. Á eftir hófu þær allar upp gamansönginn: »They're Jolly good Fellow's«, sem gullhamra til þingmannanna, sem höfðu sezt stillilega niður. En þegar síðustu tónarnir hættu, þá stukku þeir allir upp í einu fram úr sætum sínum og til þess að verða ekki eftirbátar kvennanna í kurteisinni, þá sungu þeir á móti: »They're Jolly good Fellow's«, (áttu við konurnar). Þessi samstilti söngur allra þingmannanna í deildinni, kom eins og opinberun, og raddir þeirra hljómuðu enn þá fyllri og samstiltari en kvennanna. Á eftir hrópuðu allir þrefalt húrra!«

Aldrei hefir slík sjón, eða slíkur dagur átt sinn líka í þingsögu Manitoba, sem dagurinn í gær, segir elsti þingmaðurinn Hon. Valentine Winkler, landbúnaðarráðherrann. Í fyrsta sinni í þingsögu Manitoba var 8 konum boðið að sitja inni í deildinni meðan á þingfundinum stóð. Þessar konur voru úr stjórninni í »Pólitiska jafnréttisfélaginu«, sem gengist hafði fyrir kosningabaráttunni frá konum, með frjálslyndu stjórninni, og fyrir undirskriftabænarskrá, um kosningarrétt kvenna.

Þessi þriðja umræða gekk mjög greiðlega.

Hon. T. H. Johnson bar fram þá tillögu að deildin skyldi í sameiningu samþykkja frumvarpið. Forseti settist í sæti sitt, klæddur einkennisbúningi, og svo var frumvarpið lesið upp lið fyrir lið, og samþykt. Breytingarnar voru ekki margar, sem þurfti að samþykkja, þótt þær væru þýðingarmiklar, og öllu var lokið á 5 mínútum.

Þegar því var lokið, þá hélt Johnson ræðu, sagði frá gangi málsins, og afstöðu stjórnarinnar í því, kvað þetta mikilvægasta málið, sem fyrir þinginu lagi, vissi að konur ættu þessi réttindi skilið og mundu nota þau til umbóta í þjóðfélaginu. Ekki dygði að heimta pólitíska þekkingu fyrst. Það væri eins og að heimta fulla sundkunnáttu af manni, áður en hann stigi ofan í vatnið. Þekkingin kæmi með reynslunni, og ábyrgðinni, sem þær nú hefðu eignast með réttindunum«.

Blaðið segir enn fremur:

»Íslenzkar konur í Manitoba hafa í mörg ár barist fyrir kosningarrétti kvenna. Þeim hefir dagurinn í gær ekki einungis veitt laun fyrir trygga starfsemi, heldur hefir hann einnig bætt við þær þeirri ánægju, að heyra son hins fjarlæga föðurlands þeirra, núverandi ráðherra krónunnar í Manitoba, bera fram til umræðu og atkvæðagreiðslu grundvallarlög frelsis þeirra«.

Dönsku konurnar og Grundvallarlögin.

— —

Eins og menn vita, fengu danskar konur, sem eru 29 ára, pólitiskan kosningarrétt og kjörgengi með Grundvallarlagabreytingugni 5. júní í vor. Óákveðið var, hvenær lögin skyldu ganga í gildi, en búist var við, að það yrði svo snemma að kosningar gætu farið fram í sumar. Menn voru því farnir að búa sig undir kosningarnar eg *ráðgera* hverja skyldi setja á lista til Landþingskosninga. »Social-Demokratarnir« hafði sett tvær danskar konur á sína lista, þær frk. Helene Berg og Andreu Brockmann, og tvær konur aðrar, að minsta kosti, var von á að hinir flokkarnir settu upp. — —

Enn þá komu stjórnmálaklókindin til sögunnar. Nú hefir sem sé stjórnin auglýst það, að ekki verði af kosninguia næsta ár. Konurnar eru stór-gramar, og heimta að þær séu spurðar að því; þær séu kjósendur.

Í »Kvinden og Samfundet« stendur ritstjórnargrein mjög sáryrt við flokkana út af þessu. Þar stendur meðal annars:

»Við verðum þá enn um ótiltekinn tíma að horfa á að kosningarrétturinn, sem við fengum á pappírnum 5. júní, verði hátíðlega jarðaður í silfurskríni. Við verðum enn þá að sitja uppi á áhorfendapöllunum sem fyrri tíðar konurnar, og horfa á stórar átveislur karlmannanna, og

heyra Kampavínshvellina, án þess að fá neitt sjálfar. Við verðum ennþá að sitja uppi á þakbekkjum áhorfendanna, án þess að fá annað en að horfa upp á þessa fínu *mat*þekkjara«.

Margt segja þær fleira, sem vert væri að taka upp, en rúmið leyfir það ekki.

Skemtanir.

Þegar veturinn gengur í garð, þá er eins og sé fótur og fit uppi á hverjum yngri manni og konu, sú einstök tilhlökkun, að hugsa til skemtananna er veturinn einkum hefir að bjóða,

Þá eru öll þau félög, er til eru, drifin áfram með þeim krafti, er hver og einn getur í té látið þeim allflestum til stuðnings og er það í sjálfu sér ekki lastvert, að hver og einn beiti sér þeim til stuðnings, eins og kraftarnir framast leyfa.

Þeim, þessum félögum er nú óðum að fjölga, bæði ungmennafélögum, málfundafél., kvennafél. og fl., er ekki þarf upp að telja og er það í sjálfu sér gott og blessað, að fólk geti komið sér saman um það í einingu að halda vel lífinu í þessum félagsskap og þau gætu þá um leið gert dálítið gagn, ekki að koma saman bara til að dansa eða skemta sér á annan hátt, því ilt er að eyða tíma til þess einungis. Eitthvað verður að fylgja með af fróðleik eðs framkvæmdum, er hægt sé að hafa gagn af í lífinu.

Sem betur fer, eru líklega mörg svo vel skipuð þessi félög, að eitthvað gagnlegt fljóti með, eða dálítið megi af þeim læra.

Þó hefi ég þekt mörg af þessum félögum, er t. d. altaf hafa fundi sína á sunnudögum. og er það ekki hægt að telja neina fyrirmynd. Eins veit ég að víða í sveitum er það líka siður, að hafa dansleik á hátíðisdögum og er það alveg óþarft og og miklu ánægjulegra að hafa þá daga alveg undanskylda. Nógir dagar aðrir til þess. Miklu sæmra af eldra fólkinu að innræta unglingum í tíma, þýðingu þessara hátíðisdaga og verja þeim sem best drottni til dýrðar, og þeim sjálfum til gleði og blessunar.

Nú eru víða orðin keypt barnablöð og eins send blöð frá dönskum sunnudagaskólum, og þau benda öll á það, hvernig verja skuli þessum hátíðisdögum, þeim til saklausrar gleði.

Eins ættu þeir, er fundum ráða í ýmsum þessum félögum að hafa meira af útiskemtunum, svo sem skauta- og skíðaferðir, en draga þá um leið úr dansinum. er nú virðist svo víða alveg úr hófi keyri og þá um leið skaðlegt fyrir heilsuna, rykið er fer ofan í lungun. Læknar segja, að dansinn sé ágætt hjálparmeðal tæringunni til styrktar, er nú á tímum geysar svo óðfluga yfir, og margan ungling hefir að velli lagt. Og því skyldum við þá ekki vilja fegin hjálpa til þess, að draga úr öllu því, er skaðlegt er fyrir heilsuna.

Ég las það nú nýlega í blaði eða bók, er lýst var bændanámsskeiði er haldið var á tilgreindum stað, og um leið sagt hvað þar hefði verið til fróðleiks og skemtana, þann tíma er það stóð yfir.

Síðast í þessari grein var gétið þess, að síðasta daginn hefði kvenfólkið ekki látið sig vanta, þá hefði átt að d a n s a!

Þetta hljómaði nú hálf illa í eyrunum á mér gagnvart konunum.

Ég hugsaði sem svo: Nú jæja, skárri var það nú heiðurinn; aumingja konurnar vilja þá ekki færa sér neinn fróðleik í nyt, bara ánægðar ef þær fá að dansa.

Ég skal samt enganveginn bera blakan af kvenþjóðinni, að margri konunni þyki gaman að dansa og því er nú ver, og því síst neitandi. En ég vil jafnframt setja karlmennina líka á bekk með þeim í þeirri grein. Ekki munu þeir láta á sér standa þegar til þeirra kasta kemur.

Ég hefi t. d. þekt þann pilt er gekk dansleik af dansleik og vildi helst af öllu dansa úr svefninum og í hann. En enga konu hefi ég þekt svo vilta eins og þenna pilt. Og svo mætti finna fleiri þessu líka.

Ég hugsa mér dansinn æfinlega bara sem æsandi drykk, er aldrei er hægt að fullnægja og hverfur svo út í loftið áður varir, og flestir er iðka hann; miklu óánægðari eftir en áður.

Ég álít því miklu hollari skemtanir fyrir ungdóminn, allar útiskemtanir: líkamsæfingar, söng og því um líkt og hlusta á góða fyrirlestra ef þeir bjóðast; af þeim má mikið læra. Og svo á vorin. þegar hlýnar í veðri, að hjálpa eftir mætti að hlúa að blessuðum grösunum, þar sem það er hægt að hjálpa þeim til lífsins, er verður svo ánægjulegt að þreyta sig á því, sem bæði er til prýðis og gagns fyrir lífið.

G. E.

Konur fátækrastjórar.

Í Noregi eru konur farnar að fá ýmsar stöður í þjónustu bæjarfélaganna. Nýlega hefir ein kona, fröken Ragna Bugge, verið sett fátækrastjóri í 10. fátækraumdæmi í Kristjaníu. Þar hefir hún 760 fasta þurfalinga undir sinni umsjón og marga aðra, sem fá styrk við og við. Um 100,000